

Skýr mörk - ófrávíkjanlegar reglur

Starfsfólk og nemendur skólans skilgreina ákveðin mörk sem eiga að stuðla að auknu öryggi í skólanum og skapa aðstæður til að nemendur geti öðlast sjálfstjórn og eflst að þroska og vísku. Mörkin okkar:

Ekkert ofbeldi, stríðni né einelti

Engin vopn né vímuefni

Engar ógnanir, ögranir eða hótanir við neinn í skólasamfélaginu

Engin meðvitun trúflun á skólastarfi

Engin skemmdarverk eða þjófnaðir

Engin mismunun t.d. vegna uppruna, fötlunar, kyns og svo framvegis

Að fara yfir skýru mörkin stangast á við hugmyndir um öryggi einstaklingsins í skólanum og hópsins sem heildar. Það stangast einnig á við hugmyndir okkar um virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu. Ef nemandi verður á að fara yfir þessi mörk er honum vísað til skólastjóra sem fer yfir málsatvik með honum. Nemandinn fær tækifæri (vissulega háð þroska hvers nemandi) til að hugleiða það sem gerst hefur og finna lausn í samráði við foreldra/forráðamenn sína. Skólastjóri og umsjónarkennari/hópstjóri aðstoða nemandann og foreldra við lausn málsins og kalla til þá aðila sem að málinu koma.

Ef brot eru endurtekin er málefnum nemandans vísað til nemendarverndarráðs.